

Mál nr. 163/2006

M v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar v/vinnuvélarinnar B

Umferðaróhapp á Ægisgötu Reyðarfirði þann 13.06. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vinnuvélin B var að ferja stóra stálgrind. Er A var ekið fram úr B sá ökumaður A ekki stálgrindina með þeim afleiðingum að hann ók á hana, framrúða hægra megin brotnaði og einnig kom beygla við hægri spegil.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, það hafi verið óforsvaranlegt að merkja ekki stálgrindina. Hann telur að vinnuvélin hafi verið ólögleg þar sem engin blikkljós hafi verið á vélinni. Starfsmenn vátryggingartaka hafi ekkert gert til að vara vegfarendur við þeirri hættu sem fyrir hendi var.

Ökumaður B lét þess getið að það "hefði mátt vera gult vinnuljós á grindinni til að vara við henni þar sem hún stendur út á hina akgreinina þó þetta sé mjög stutt vegalengd sem ekið er með hana". Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri ábyrgð á óhappi þessu. Hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við að aka fram úr vinnuvél á athafnasvæði.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Það var óvarlegt að merkja ekki stálgrindina. Telja verður að rekja megí tjónsatburðinn til þessa aðgæsluleysis.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M þrátt fyrir að hann hafi reynt framúraksstur við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Tjónsatburð máls þessa má fyrst og fremst rekja til þess að stálgrindin var ómerkt.

Niðurstaða.

Fallist er á bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu vegna vinnuvélarinnar B.

Reykjavík 4. október 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.